

**Fundur í stjórn foreldrafélagsins haldinn á Álfasteini 1. nóvember 2011 kl. 16.15.
Mættar: Andrea, Ásdís, Inga og Halla.**

1. Foreldrafélagsgjöld

Samþykkt var á síðasta aðalfundi að hækka gjald í foreldrafélag úr 400 kr í 500 kr á mánuði. Um nýliðin mánaðamót var gjaldið ennþá 400 kr, Ásdís tekur að sér að athuga hvenær hækkunina fer fram.

2. Leiksýningar

Fjöldmörg tilboð um leiksýningar berast leikskólanum og foreldrafélaginu. Í maí sl. sáum við Gilitrutt og var mikil ánægja með þá sýningu. Leiksýningar eru ofast dýrar en í maí var haft samstarf við Þelamerkurskóla og dreifðist þá kostnaðurinn á báða skóla og fleiri nutu sýningarinnar. Halla tekur að sér að tala við Ingileif skólastjóra Þelamerkurskóla og kanna hvort áhugi sé fyrir því að sameinast aftur um sýningu, til dæmis eina á ári. Halla tekur líka að sér að athuga kostnað við sýninguna Snuðra og Tuðra sem sýnd er á vegum Möguleikhússins.

3. Danskennsla

Ákveðið að fá Ingunni Hallgrímsdóttur til að vera með danskennslu í leikskólanum en hún var með kennslu í fyrra og var ánægja með hana. Foreldrafélagið greiddi kennsluna niður um 500 kr á barn og ákveðið er að gera það aftur. Ásdís ætlar að hafa samband við Ingunni til að festa tíma í samstarfi við starfsfólk Álfasteins.

4. Fulltrúi á fræðslunefndarfundi

Foreldrafélagið á að senda einn fulltrúa á fræðslunefndarfundi og býður Andrea sig fram í það. Inga er til vara.

5. Jólagjafir

Ákveðið var að jólasveinarnir gæfu börnunum glös með myndum af barbababba og herra mönnum. Búið að panta gjafirnar, í byrjun desember hittist stjórnin og pakkar inn.

6. Dósaöfnun

Andrea hefur stofnað reikning fyrir foreldrafélagið í Endurvinnslunni fyrir dósaþening. Hún hengir upp auglýsingu um það á leikskólanum. Einnig ætlar hún að spyrja Hugrónu hvort hún megi setja upp ruslatunnu undir dósir sem getur staðið við leikskólann.

Önnur mál

Á aðalfundinum í október sl. kom fram hugmynd um að halda bingó. Ákveðið að halda það 14. janúar. Anna Guðrún er búin að prenta út bingóspjöld sem krakkarnir merkja inn á. Hægt væri að selja hefti með 10 blöðum og selja sem eitt bingóspjald, svo eru spilaðar 10 umferðir á þetta hefti. Ef einhver vill hafa tvö bingóspjöld þau kaupir hann tvö hefti.

Einnig kom fram hugmynd um að auglýsa sundferð fyrir leikskólann einhvern tímann eftir áramót eða jafnvel hittast einhvers staðar og renna sér.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.20.

Halla Björk Þorláksdóttir.